

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1994

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

- ☐ Coloured covers/
Couverture de couleur
- ☐ Covers damaged/
Couverture endommagée
- ☐ Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- ☐ Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- ☐ Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- ☐ Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- ☐ Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- ☒ Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- ☐ Tight binding may cause shadows or distortion
along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la
distorsion le long de la marge intérieure
- ☐ Blank leaves added during restoration may appear
within the text. Whenever possible, these have
been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées
lors d'une restauration apparaissent dans le texte,
mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont
pas été filmées.

- ☒ Additional comments:/ Text in Icelandic.
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x	14x	18x	22x	26x	30x
☐	☒	☐	☐	☐	☐
12x	16x	20x	24x	28x	32x

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- ☐ Coloured pages/
Pages de couleur
- ☐ Pages damaged/
Pages endommagées
- ☐ Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- ☒ Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- ☐ Pages detached/
Pages détachées
- ☒ Showthrough/
Transparence
- ☐ Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- ☐ Continuous pagination/
Pagination continue
- ☐ Includes index(es)/
Comprend un (des) index

Title on header taken from:/
Le titre de l'en-tête provient:

- ☐ Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- ☐ Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- ☐ Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:


University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol $\rightarrow$ (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:


University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.


Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole $\rightarrow$ signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

SMÁSTIRNI.

Nýársgjöf

1892,

sem

„ÖLDIN“

sendir kaupendum sínum.

Arnljotur B. Olson

+++++

WINNIPEG, MAN.

1892.

ÖLDIN PRINTING OFFICE.

Gleðilegt Nýár

öllum býður ÖLDIN,
þó einkannlega kaupendunum sínum.
Í ár um helning aukist þeirra fjöldinn,
hún óskar sjálfri sér með þessum línum.

Arnljótur Þ. Olson

MÍNIR VINIR.

(Orkt 1879).

—o—

Heill sé þér, öldin unga,
þú aldna landsins nýja þjóð!
þú hrindir dvala-drunga,
þitt djarfara streymir blóð —
þér Íslands ungu synir,
þér eruð mínir vinir!

Þér ungu menn, sem unnið
æ eygni fornu jökla' og báls,
þér menn, sem meta kunnið,
hve mæt er hugsun frjáls,
þér orrar aldar synir,
þér eruð mínir vinir!

Það forna' er dautt og dofið;
þeir dauðu greftri sína enn!
Vér látum rökkrið rofið
sem röskvir, frjálsir menn!
Vér allir, Íslands synir
þeir ungu, séum vinir.

Og kreddum, hjátrú, heimsku
 vér hrundið látum fyrir borð!
 Í grafar jörðum gleysku
 þau gamla tímans orð —
 vér frelsis svarnir synir
 og sannleiks tryggir vinir!

Vor trú er á mátt og megin —
 á megn þess góða', er í oss býr
 og sem er okkar eigin,
 þó alvalds gáfa dýr —
 vér menta' og mannvits synir
 og mannkostanna vinir.

Alt fagurt yndi er oss
 og alt, sem mannlegt er, oss skylt;
 það manndóms lífskraft lær oss,
 vort lætur brjóst upp fyllt:
 vér erum andans synir
 og allra lista vinir.

Vor þjóð er öðrum eftir
 og æfin stutt, en námsbraut löng —
 en höggvið band er heftir,
 ei hroðin braut ei þröng:
 Upp! sterkir stríðsins synir,
 til starfa! bræður, vinir!

Hreint loft! — þá lifnar andi.
 Nú látum storkna' ið dauða blóð!
 Nýtt kveikjum ljós í landi,

Já
 nú
 þé
 þú
 En
 á a
 Mó
 í a
 og
 þú
 Er
 Vén
 En
 að
 sem
 og
 því
 nú

nýtt líf í sljóva þjóð!
Upp! vorrar aldar vinir!
Fram! vaskir tímans synir!

J. Ó.

—:o:—

TIL GAMALS MANNS.
(Orkt 1881).

—o—

Já, þú ert orðinn gamall nú og grár,
nú gremst þér, hversu taumlaust ungir skeiða,
þér þykja skopleg tilfinninga tár,
þú trúir lítt á vora frelsis-eiða.
En manst þú ekkert eftir sjálfum þér
á æskudögum? — Slíkt er gleymt, því ver!

Mót öllu því sem úrelt var og rotið
í æsku þinni forðum barðist þú
og hégiljanna herkví fékstu brotið;
þú hafðir þá á „frjálsri rannsókn“ trú.
Er hún nú dauð? Eða hví oss lastar þú? —
Vér heyjum sömu baráttuna nú.

En öðru máli er að gegna hér
að ætlun þinni, gjörvalt horfið er,
sem þú og kynslóð þín var við að stíma
og preyta stríð; en kynslóð vorra tíma
því verki öllu, er upp þið bygðuð þá,
nú árás veitir. — Þar er munur á.

Hér munur enginn ætla ég sé til,
 því ykkar fedra bygging sundur tæta
 þið vilduð og um verkin þeirra bæta —
 og við nú gerum ykkur sömu skil.
 Vér eigum sjálfsagt sama líka' í vonum
 á sinni tíð af vorum eigin sonum.

Og guði sé lof, að gengur það til svona!
 Já, guði sé lof, að áfram sannleiks brautir
 æ æskan leitar þrátt fyrir allar þrautir!
 Já, því er um heimsins framför gott til vona.
 Og guði sé lof, þeim gömlu máttur þverrar!
 Já, guði sé lof, þeir ungu' eru tímans herrar!

J. Ó.

„RESPICE FINEM“.

—o—

Æskunnar léttúð er ellinnar grátur,
 oft er stutt fyrst milli skakks og rétts vegar;
 margur er ungdómsins augnabliks-látur,
 sem æfin öll þungt fram í dauða tregar.
 Leiktu með gætni við lífsins gátur,
 því lífsins gátur eru' alvarlegar.

1888.

J. Ó.

„DÆMIÐ EIGI“.

—:—

Pegar blóðið er heitt og hjartað er ungt,
er hægt að freistast, en sigra þungt.
Að dæma hart, það er harðla létt;
en hitt er örðugra', að dæma rétt.

1889,

J. Ó.

OFRLÍTIL UPPBOÐS-RÍMA.

—o—

MOTTO :

„Fyrsta, annað, þriðja sinn :
Býður nokkur betur?“

Orðtak uppboðshaldara.

Sigtryggur í sérhverja' átt
sendir boðskaps-letur,
sannfæringar sinnar þrátt
segist bera merkið hátt,
það er að segja' — unz einhver býður betur.

Atkvæðin hjá Íslending
öll til fjár hann metur;
sérhvers þeirra sannfæring
segist ráða', og uppboðs-þing
setur 'ann: „Piltar, býður nokkur betur?“

„Kjafsteinninn“ nam krunka' á skjá,
kom til Ross í vetur:

„Þér skal fylgi LÖGBERG ljá,
látirðu það í svanginn fá
þúsund dollars. — Býður nokkur betur?“

„Svo hefir marga svikið þú“,
 svörin Ross þá hvetur,
 „að á því festir enginn trú,
 að Íslendinga teymir þú.
 Farðu' í r...! Ég býð þér ekki betur“.

Labbaði' af stað til ‚Liberals‘
 lotið „kjašteins“-tetur,
 liðlega við þá leitar tals:
 „Með LÖGBERG kem ég hér til sals:
 tvö — þrjú hundruð? Býður nokkur betur?“

„Áður LÖGBERG eigum vér“,
 anzað Millan getur;
 „en ef þú norður fyrir oss fer,
 færdú handa sjálfum þér
 litla sleikju. — Býður þér nokkur betur?“

„Leitt er, hversu litla trú
 á LÖGBERG þjóðin setur.
 Á uppboðs-þingi er það nú
 ekki' á borð við gamalkú. —
 Fyrsta' og annað! Býður nokkur betur?“

Alt er mitt til einskis staul,
 enginn neitt oss metur“.
 Klýjan, ropi' og garna-gaul
 garmsins kæfði sultar-raul.
 En síðast heyrðist: „Býður enginn betur?“

VORUÐ 1891.

J. Ó.

E N G L A N D.

(Fimta kvæði úr „Útlegðarljóðum“ eftir sænska skáldið AUG. STRINDBERG. Þýðingin er hend-
ingalaus og órímuð háttleysa, alveg eins og frumkvæðið).

—o—

Austursólin blikar á björgin hvít
og ég heyrði rödd frá suðri, sem mælti svo
og sagði:

„Bölvun!

Bölvun yfir þig, England,
svo kríthvítstrokið að utan
eins og kalkfaguð gróf,
en að innan svo svart,
svo sótbiksvart
eins og steinkola-ferja
stjóruð niður á milli Norðursjávar og Atlantshafs.

Bölvun yfir þig, grósséra-eyja,
og þína krambúðar-stjórnvizku!

Bölvun yfir þig, Beaconsfield lávarður,
sem í mannúðarinnar og kærleikans nafni
ræktir þína sáttasemjara-köllun
milli Asíu og Evrópu
eins og sannur hestaprangari!

Bölvun yfir þína heilögu kyrkju
og þínar sönnu konur,
þínar sönnu, sokkprjónandi
tevatns-konur!

Bölvun yfir þína Tauchnitz-útgáfu rómana,
trúboðunar-hús þín og frelsunar-heri!“

En ég svaraði' úr norðri og sagði:
 „Þú sótuga, hvíta Albion!
 Þótt syndir þínar væru blóðrauðar
 eins og nautasteikin þín,
 og þótt hjarta þitt væri eins svart eins og
 steinkolin þín,
 — ég, inn voldugi, landflóttamaðurinn,
 ég tek þitt sægjörva krítar-lag
 og dreg svo stryk
 yfir þína stóru skuld
 á þinni stóru, svörtu töflu;
 ekki fyrir það mig blekki
 þitt ágæta Pale Ale
 og þínir góðu skegghnífar;
 ég fyrirgef þér
 þínar Indlands-syndir,
 þín Afríku-brot
 og þín írsku níðings-verk;
 ég fyrirgef þér, England,
 ekki fyrir sjálfs þíns sök,
 heldur fyrir yðar,
 Dickens, Darwin, Spencer og Mill!“

[J. Ó.].

— :: —

bók
 ha
 í
 su

Fjögur kvæði

eftir

séra BJÖRN HALLDÓRSSON
í Laufási.*

++++++

BRÚÐKAUPS-VÍSUR.

—o—

Um svalan græði búið beit
lét Baldvin fljóta lengi snarpur
og varð inn mesti veiði-garpur,
sem allur lýður landsins veit.
Á lagarbúa hann réð herja,
svo hvergi máttu þeir sig verja,
og kynslóð þeirra hræðast hlaut
í hring um gjörvallt norðurskant.

En svo sem hann á sævi var
við sóknarleikinn óhemjandi,

*) Heldr þykir útgefandi „Sýnisbókar ísl. bókmenta“ hafa orðið misvitr í valinu, er hann leiðir leirbulluna Torfhildi Holm í kórinn í musteri íslenskra bókmenta, en lokar úti snildar-skáldið séra Björn Halldórsson. J. Ó.

svo var hann eins og lamb á landi
og engri skepnu ægði þar.

Hann var svo meinlaus, meira' að segja,
að mispykk við hann gjörðist Freyja,
því aldrei vildi' hann fastna fljóð,
þótt fljóðin sæi' hann mörg og góð.

Hann snérist þó, og þar kom að
er þoldi' hann ekki mátið lengur;
að ráðum Freyju röskur drengur
sér manndáð tók og meyar það.
Hún veitti það, er vildi' hann kjósa,
svo vafði' hann örmum brúði ljósa
og fann það strax, að fisk hann dró,
er fá má slíkan hvergi' í sjó.

Og Elini varð ekki bilt
sem Ægis hallar kyni veidda.
Ég sá hana til sætis leidda
í hjónastól og hún var stilt;
já stilt og glöð, og þó hún þegði,
mér þótti sem ég heyrði' hún segði:
„Fyrst loksins veiða lét hann sig,
nú, látum hann þá veiða mig!“

Því vill og enginn mæla mót,
þótt maðurinn sér konu fái
og hvort þau öðru ástir tjái
sem hæfir kvæntum hal og snót.
Nei, sjót vor hér að sumbli biður,
er söngvar gella' og staupa kliður:

Sú veiðin komi báðum bezt,
að Baldvin nú er Elin fest.

Þau njótist lengi' og njótist vel,
þeim nægtir streymi' af sjó og landi,
svo hagsæld þeirra' í hjónabandi
æ glói við sem gull í skel;
og ef þeim verður auðið niðja,
þess einkum langar mig að biðja,
þeir verði frægri veiðimenn
en verið hafa nokkrir enn.

Þó eina bæn ég betri kann
og bæta við skal henni síðast:
Ég óska' að hlutfall allra blíðast
þau höndla' megí í hugar-rann.
Í ljósi' og myrkri, logni' og vindi
þeim lánist dýrlegt hjartans yndi
unz koma þau af kaldri dröfn
og kærleik fagna' í betri höfn.

MYNDIN.

—:—:—

[Frakkneskr herforingi bað fríðrar stúlku í
Reykjavík; hún synjaði honum, en gaf honum
mynd sína].

Mynd hennar fer á franska grund
og fara menn á ásta-sund
í hennar augnapolli.

Verst er að sjálfri sér hún á
sundtökin ekki finna má.
Ó, það er skrambi' og skolli!

Þ O R R I.

—:—:—

Þorri kaldur þeytir snjá,
þylur galdra stríða;
linnir aldrei ýmir sá
illu skvaldri hríða.

Kemur norðan hann um haf
heiptar-orðum svölum
jardar-spørði yztum af
ægir morði' og kvölum.

Harkan skæð um lög og lá
líf í æðum myrðir;
verða klæðum einum á
engjar, hæðir, firðir.

Lengi snivin fósturfold
fönnum drifin mæðist;
allt, sem lifir ofar mold,
emjar, bifar, hræðist.

Girnast allar elfur skjól
undir mjallar þaki,

þorir varla' að sýna sól
sig að fjalla baki.

S U M A R N Ó T T.

—:—

Dags lít ég deyjandi roða
drekka sér norður í sæ,
grátandi skýin það skoða
skuggaleg uppi' yfir bæ.

Þögulust nótt allra nóttu,
nákyrð þín ofbýður mér;
stendurðu' öndinni' af ótta?
eða hvað gengur að þér?

Jörð yfir sofandi síga
svartýrðar lætur þú brýr;
tár þín á hendur mér hníga
hljótt, en ég finn þau samt skýr.

Verður þér myrkum á vegi
vesturför óyndisleg?
Kvíðir þú komandi degi,
kolbrýnda nótt, eins og ég?

N Ý Á R S - O S K.

—o—

Nýárið færi þér nýjar gjafir lífs,
 Nýárs-sólin reki burt húmskugga kífs,
 Innan húsveggja þinna sé hamingju-ró,
 Í hjarta þínu mannelsku ríkidæmi nóð.

Kristinn Stefánsson.

S T A K A.

—o—

Hér andleg búsæld sagt er feiti fólk,
 Þá frelsiskenning skellur hátt í gómi.
 Þó undrar oss, hvað mannelskunnar mjólk
 Er makalaust þunn og kristindómsins rjómi.

Kristinn Stefánsson.

FERÐALJÓÐ.

—o—

Á stað skal þá halda sem hraðast,
 Því hjólið á stálteinum gnýr
 Og vagninn fer æðandi áfram
 Og eldsglóð og reykmecki spýr.

Með storminum þruman þunga
 Nú þýtur um náttmyrkrið svart,
 Hver eldingin aðra faðmar,
 Svo alt verður skínandi bjart.

Á stað er ég kominn. Mig stöðvar
 Ei stormur né dynjandi regn.
 Til vesturs svo óðfluga áfram
 Um auðnir og skóga í gegn.

Og eld látið blossa og brenna
 Und blágufa ólgandi hyl,
 Og herðið ferð hjólanna, drengir,
 Til hennar því komast ég vil.

Og vefja míns hjarta hjartað
 Til hvíldar í faðmi mér rótt;
 Ég veit að því eldingar ógna
 Og aldimm og svaðaleg nótt.

Kristinn Stefánsson.

L J O Ð A B R É F

TIL KUNNINGJA MÍNS Á ÍSLANDI.

—o—

Björt að sævi sunna líður
 sælli vana hjúpuð ró;
 aftangeislinn gyllir fríður
 grundir, hóla, dali' og skóg.

Minn þá sveimar óðfús andi
 austr um marar dimmblátt sund,
 köldu heima' á klakalandi
 kærri vina sækir fund.

Víða' um grund hann gerir krækja,
 guðar nær á hverjum skjá,
 þig hann mundi þá heim sækja,
 þar hann varla sneiðir hjá.

Um hýsing sést ei bljúgur beiða,
 brúkar gesta minstan sið;
 hann upp sezt og heimtar greiða,
 en hreyfir ei nesti sínu við.

Fær þó ávalt beina beztan
 brögnum hjá og verður rótt,
 glaður þá að sumbli sezt hann
 og svalla náir fram á nótt.

Svo heim slagar slunginn muni,
 sleppir sagan honum þá.

Mínum hag ég allvel uni,
undan klaga sízt því má.

Ber ég landu lengst um káta,
lítt þó stundum blási mót;
heimsins undan glettni gráta
get ég ei fundið neina bót.

Lífið gengur sífelt svona:
sumt er dimt, en hitt er bjart.
Öruggur þó vil ég vona,
það verði' ei alla tíma svart.

Eigin vegi vér ei skiljum,
veldur held ég bernskan því,
frekum lífs í fellibyljum
feykjumst veikir líkt og ský.

Vér samt erum, að mig grunar,
oft þó fáum mótbyr reynt,
fram á leið til fullkomnunar,
en ferðin gengur nokkuð seint.

Safna auð ég ekki hirði,
örbirgð neinni kvíði þó;
hann er mörgum hvimleið byrði,
hjartans drepur frið og ró.

Minst þótt sé á mammon geyminn,
mun ég heita láta gott;
allslaus kom ég inn í heiminn,
ekkert heldur flyt á brott.

Skort og þolað þó ei hefi;
 það er kalla nógan auð,
 að mér drottinn að eins gefi
 úmægt geð og daglegt brauð.

Blóta' eg stundum Bakkus karlinn,
 bænheyrslu fæ tíðast það,
 hans við forna fórnarstallinn
 fram ég krýp og bið um náð.

Heiti' eg á hann helzt til gleði,
 hann mig stundum leikur á,
 mér svo verður gramt í geði,
 glettni hans ég bannsyng þá.

Trúnni' á hann sem tíðast kasta,
 traust hans þeygi nýta vil,
 þá um tíma þurt ég fasta;
 þannig gengur lífið til.

Endurminning mærra tíða
 mér í huga flýgur þrátt,
 við nær sviftir sorg og kvíða
 saman einatt lékum dátt.

Æfidegi óðum hallar,
 eitt sinn þig ég vildi sjá
 fyrri en hinnsti hljómur kallar,
 Hel þá lokar minni brá.

Hvort það lánast eða eigi,
 er mér lífið þessa stund;

mörg því liggja ljón á vegi,
leið sem banna þinn á fund.

Svo er þrotin þessi ríma,
því til náða geng ég skjótt;
klæðir hauður koldimm gríma;
kæri vinur, góða nótt!

S. J. Jóhannesson.

Á GAMLÁRSKVELD.

—:—

Á hraðstreymi tímans ið útliðna ár
nú eilíðar berst fram í sæinn.
Vér kveðjum þess gleði, vér kveðjum þess tár,
vér kveðjum þess síðasta daginn.

Vér kveðjum þess miklu og margbreyttu störf,
þess minningu geymir hún Saga;
þótt sum væru fánýt, víst sum vóru þörf,
og sum vóru máske til бага.

Og þó að oss mætt fái gleðinnar grönd,
þá gerum ei æðrast né flýja,
en felum oss almáttkri forsjónar hönd
og fögnum svo árinu nýja.

S. J. Jóhannesson.

25 NÓVEMBER 1891.

(50. afmælisdagur minn).

—o—

Nú seinni hlutann sígur á;
ég sé þess merkin stór og smá,
að drjúgum hallar degi.
En langt eða skamt hvort eftir er,
er alveg hulið fyrir mér;
ég bið og æðrast eigi.

Ég hef nú lifað hálfa öld,
en hlotnast lítil verkagjöld,
og enda lítið unnið,
því út um lífsins hála hjarn
ég hefi líkt og fávíst barn
án góðrar gæzlu runnið.

En erum vér ei allir börn,
svo ærslafull og keipagjörn,
er þroskast þyrftum betur?
Oss tjáir ekki' að standa' í stað
unz steingjörvingi verðum að;
því hlaupi hver sem getur.

Já, hlaupum brekku beint á mót
oss bugast eigi látum hót
þótt grýtt og þröng sé gata;
og sækjum vizku hátt í hlið,
þá hættir allt vort barna-stríð,
er ró hér gerði glata.

Vér stöndum hér á láði lágt,
 en litið samt vér getum hátt,
 og allt af hærra' og hærra,
 unz rofna vanans villu ský
 og vér því ljösi göngum í,
 er logar æ skærra og skærra.

Frá sjónarhæðum sannleikans
 vér sjáum geisla kærleikans
 með hreinni hugskotsaugum;
 þar glepur oss engin galdratrú
 né gjörningar og villa sú,
 er finst í fornum haugum.

Því hlaupum brekku beint á mót
 og bugast eigi látum hót
 þótt grýtt og þröng sé gata,
 og keppum vizku hátt í hlið,
 oss hjálpa gæfan mun um síð
 þá réttu braut að rata.

S. J. Jóhannesson.

HÓFDRYKKJUMÆDRINN.

—:—

Eg ætla' eg taki ofurlítinn smekk
 af alkóhol—við Bakkus erum vinir;
 en fari ég til djöfuls ef ég drekk,
 ef drykki' eg, iværi' eg ekkert betri' en hinir.
 Það munar svo sem minst um þennan slunk,
 já, meining hafa strákar um það skakka;
 nei, aldrei skal ég d r e k k a' úr mínum dunk,
 ég dreypi bara' í svolítið og smakka.

Sigf. Benedictson.

REYNDU AFTR.

—:—

Heyrðu! Ef þér illa tekst
og einhver góða vonin bregzt,
reyndu, reyndu aftur!

Þá mun aukast áhuginn,
endurskapast þrótturinn,
svo þú fáir sigurinn,

—reyndu, reyndu aftur!

S. J. Björnson.

S A M E I N I N G I N.

—:—

SAMEININGIN sýnist vera góð
og sjálfsagt er, ef stefnir rétta leið.
En sameinast og svifta frelsi þjóð
og sjúga úr snauðum lýðnum merg og blód
—það er dauðans neyð!

SAMEININGIN sýnist vera góð,
að segja þegar fer hún rétta leið.
En sameinast og segja heilli þjóð
að sitja' og standa upp á gamlan mót
—það er dauðans neyð!

Og „Sameiningin“ ségist vera góð,
og sína þræðir gömlu hroka-leið
og baslar við að búa þar til sjóð
og binda' og leysa—fyrir ket og blód;
en—það er dauðans neyð!

S. J. Björnson.

Arnþjotur B. Olson

Kolbrúnar-ljóð. —

Kvæði og kveðlingar.

Eftir DON JUAN.

—:—

[Kæri ritstjóri! Ekki veit ég, hvaðan þú hefir það, að ég sé hagamælt. Það kveðr lítið að því, og það lítið það kann að vera, fer ég víst ekki að sýna þér það. Ég get því ekki orðið við bón þinni, að hjálpa þér um neitt í „Nýársgjöfina“ eftir sjálfa mig. — Til þess að gera þér samt ofrlitla úrlausn, sendi ég þér nokkur kvæði, sem kveðin hafa verið til mín. Nafn höfundarins segi ég þér ekki, en DON JUAN er nafnið, sem hann skrifaði undir kvæði sín til mín. Mér finst þessi kvæði hafa eitthvað það til síns ágætis, sem ég sakna venjulega í íslenskum ástakvæðum; en það er nú, ef til vill, ekki að marka. Ég er líklega ekki óvilhöll um það að dæma. En hvað finst þér? Ef þér finst þau ekki nema miðlungs-varningr, þá brendu þau í öllum bænum. En ef þér finst nokkuð verulega til um þau,

þá ætla ég að lofa þér að nýta úr þeim í
„Nýársgjöfina“ það sem þú vilt.

Vinsamlegast þín

KOLBRÚN.]

HIMININN MINN.

—o—

Mig í hvarma lind ég lauga,
les þar sæla huliðs-rún;
minn er himinn hennar auga
hlýtt og glatt und dökkri brún.

FORBOÐNA EPLIÐ.

—o—

Epli ljúft finst ekkert mér
á við það sem bannað er;
sá því bergði aldrei á,
aldin lífs ei þekkir sá.

LÖGMÁLID.

—o—

„Þú átt ekki, mátt ekki elska mig“
— er einasta svarið frá þér, mey; —
„biddu mig aldrei, að elska þig,
af því þú veizt, að ég má það ei“.

Er mér þá synd að elska þig?
Mér er ómögulegt að trúa því.

Því hefirðu þá svo hrifið mig
og hjarta mitt lagt fjötur í?

Ég ætlaði mér ekki' að elska þig,
neinn ásetning til þess hafði' eg ei;
en hinsegin svona það henti mig.
Hef ég þá sök á þessu? Nei!

Ómótstæðilegt innra megn
— ég ætla það heiti: náttúran —
vald hefir á mér vilja gegn.
Ég vænti það bugi sérhvern mann.

Ég býðst til alls, sem þú biður mig;
ég byði þér líf mitt glaður, mey!
En það eina': að hætta' að elska þig
er mér ómögulegt — ég get það ei.

Og hversu sem þú ert hörð við mig
og hvað oft við mér sem þú kveður nei,
þá hætti ég aldrei að elska þig;
mér er þ' ómögulegt — ég get það ei,

Og hvað varðar mig svo um boð eða bann?
Öllum boðorðum sterkari' er náttúran.
Þau lög ein eru helg, sem ég hlýða hlýtt;
hin, sem ég get brotið, eru' einskis nýt.

YNGINGAR-LAUGIN.

—o—

Það er langt síðan ég var svo léttur í lund;
 mér finst loftið svo svalandi, veðrið svo glatt.
 Ég varð tíu' árum yngri á örskammri stund,
 eins og af mér sé sprungið hvert helsi, sem batt.
 Og sú yngingar-laug, öllu böli' er vann bót,
 voru brennheitu faðmlög þín, dökkbrýnda snót.

ELLIBELGS-VARP.

—o—

Ég hef yngzt upp sem fuglinn Fönix
 og finst það makalaust hnoss;
 ég hef brent af mér elli-belginn,
 og bálið var ungmeyjar-koss.

TIL MYNDARINNAR.

(Ritað aftan á mynd af sjálfum sér, sem höf.
 gaf vinkonu sinni).

—o—

Leggst þú þar sem eg má aldrei hvíla,
 upp við brjóst á þeirri sem ég ann.
 Ó að ég svo orð þér mætti stýla,
 orð þau sem ég dýrst og heitust kann.
 Munnur þegi', en máli trúfastasta

mæli svipur hjartfólga við mey.
Læs þig, mynd mín, læs þig, graf þig fasta
í ljúfrar hjarta' og hverfðu þaðan ei.

GÆTIRÐU HORFT Í HJARTA MÉR.

—o—

Gætirðu horft í hjarta mér,
þú hygðist sjá í spegil-gler;
mynd þína þar þú mundir sjá,
meyja, hvar sem þú litir á.

Ó HVAÐ MIG LANGAR.

—o—

Ó hvað mig langar götu þína' að greiða,
þinn góði engill vera' á lífsins braut.
Ég vildi feginn faðm þér móti breiða
og fús þig bera gegn um hverja þraut;
ég vildi' um hálan lífsins stig þig leiða
og leggja hjarta-frið minn þér í skaut.

HVÍLIR BLÍTT.

—o—

Hvílir blítt að barmi mínum brjóstið þitt;
skín svo hlýtt af hvarmi þínum, hjartað mitt.

Í KVÖLD VERÐ ÉG HEIMA.

—o—

Í kvöld verð ég heima.

Æ, kemur þú ei?

Í kvöld máttu' ei gleyma mér,
ástkæra mey.

Hugurinn sveima

vill helzt æ til þín.

Mitt hjarta' er að dreyma' um þig.

Komdu til mín!

ANDINN LEYNIST OFT TIL ÞÍN.

—o—

Andinn leynist oft til þín,

yndis hreina snótin;

þú ert eina unun mín

og allra meina bótin.

KOSSA-VÍSA.

—o—

Inndælt hnoss, er augun hlý

ástar-blossa skína.

Blóðið fossar æðum í

ört við kossa þína.

Arnþjotur B. Olson

E F N I.

—o—

Ljóðmæli eftir:

JÓN ÓLAFSSON	BLS. 3—10
SÉRA BJÖRN HALLDÓRSSON	— 11—15
KRISTINN STEFÁNSSON.....	— 16—17
SIG. J. JÓHANNESSON.....	— 18—23
SIGF. BENEDICTION	— 24
S. JÓSÚA BJÖRNSON	— 25
DON JUAN	— 26—31



